



Reykjavík, 31. janúar 2024

USK24010094

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Samgöngustjóri og borgarhönnun

Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að íbúar við Hlemm fái að nota bílastæði við enda lögreglustöðvarinnar, Rauðarárstígsmegin

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 10. janúar 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins leggur til að íbúar við Hlemm, við enda lögreglustöðvarinnar, Rauðarárstígsmegin, geti fengið að nota bílastæði fyrir utan Lögreglustöðina við Hlemm utan vinnutíma ella stæðu þau auð. Bílastæðin eru við enda lögreglustöðvarinnar, Rauðarárstígsmegin. Þetta var áður leyft en nú hefur verið sett slá til að loka svæðinu. Eins er vitað að þarna er mikill hörgull á bílastæðum og margir íbúar eru í stökustu vandræðum með að fá bílastæði fyrir bíla sína. Ef hægt er liðka fyrir íbúum með þessum hætti, ætti að sjálfsögðu að gera það.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 17. janúar 2024.

Umsögn:


Bílastæðin sem um ræðir eru innan lóðar og hefur Reykjavíkurborg því ekki umráð yfir þessum stæðum.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri

Hjálagt: Yfirlitsmynd merkt með lóðamörkum



Reykjavík



Yfirlitsmynd merkt með lóðamörkum